

Gonsavísur:

Vísur þessar eru eftir Gunnar Guðmundsson frá Borg.

Þar sem orð eru innan sviga ber mönnum ekki saman um hvernig vísuruna voru í upphafi og er báða útgáfu hér.

Ort eftir heimsókn til Elínborgar á Gufuskálum:

**Hér sérðu(er) mynd af hund og hund
hér sérðu mynd af Sæmundi
Elínborg er ágæt sprund
alveg laus af syndinni.**

Stundum lét Gonsi drýgindalega yfir kvenhylli sinni, einkum þegar hann hafði blótað Bakkusi og eitt sinn kvað hann um hitt kynið:

**Meyjar(nar) upp til (á) himinhæða (um)
allar hafa Gonsa séð
en þær eru ekki hérna hér
heldur annarstaðar þar.**

Ort eftir heimsókn í Götuhús og til Haflið bróður síns:

**Ella gamla í Bjarnabúð
býr í Götuhúsi.
Heldur í skott á músinni
og þurrkar vel af rúðunni.**

**Kom ég heim til bróður míns
hann var ekki heima þar
þá settist ég á koffortið
og hlunkaðist til helvítis.**

Gonsi mun hafa öfundað bróður sinn Hafliða af kærustu sinni og þegar Hafliði kom með hana að landi í Kofafjöru, orti Gonsi:

**Helvítið hann Hafliði
hann fékk hana Sigríði.
óð uppí klof eins og andskotinn
upp úr Kofafjörrunni.**

Menn þurftu að setja báta sína og ýta fram þegar róið var og þá kvað Gonsi:

**Gekk ég nið'r í fjöruna
út að bátnum þarna þá
Ýtti honum út á sjó
en Gonsi passaði stýrið þó.**

Þessar vísur eru ekki eftir Gonsa en ortar í sama stíl:

**Út á Hnífsdal ætla ég
ei ber því að leyna**

svartan og mórauðan sokk ég hef
kem aftur í fyrramálið.

Hillir undir Húsafell
þar býr ríkur bóndi
Magnús heitir Eiríksson
hann á margar kindur.

Þokan hún er svört og dimm
ýtar mega það sanna
hestarnir ætla á höfuðið inn
nú er hann kominn niður í Víkurnar.

Sendur var að sækja skreið
sá er þekkir bragarskorður
hugurinn ber mig hálfu leið
þegar halla tekur norður af.

Pálmi Almarsson samdi lag við þessar vísur árið 1976.